

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi.

a) *Aðalgata.*

Biðskylda er við gatnamót Aðalgötu og Flugvallarvegur, Hamraenda, Búðaness, Tjarnaráss og vegar að tjaldstæði, og stöðvunarskylda er við gatnamót Aðalgötu og Austurgötu, fyrir umferð um Aðalgötu. Framúrakstur er bannaður frá gangbraut við Hólmkjör að ristarhliði við veg að hesthúsum.

b) *Austurgata.*

Biðskylda er við gatnamót Austurgötu og Rafstöðvarinnkeyrslu, Smiðjustígs, Sjúkrahússinnkeyrslu og Skúlagötu fyrir umferð um Austurgötu.

c) *Borgarbraut.*

Biðskylda er við gatnamót Borgarbrautar og Skúlagötu, aðkeyrslugötu að hóteli og Borgarflatar, fyrir umferð um Borgarbraut. Framúrakstur er bannaður frá Aðalgötu að Borgarflöt.

d) *Hafnargata.*

Bifreiðastöður eru bannaðar norðanmegin á götunni.

e) *Nesvegur.*

Biðskylda er við gatnamót Nesvegur og Lágholts, Skipavíkurhafnar og Ásbrúar, fyrir umferð um Nesveg.

f) *Silfurgata.*

Stöðvunarskylda er fyrir umferð um Aðalgötu. Bifreiðastöður eru bannaðar austanmegin á götunni frá Hafnargötu að Lágholti.

g) *Skólastígur.*

Biðskylda er við gatnamót Skólastígs og suðurenda Höfðagötu fyrir umferð um Skólastíg. Bifreiðastöður eru bannaðar vestanmegin á götunni frá Silfurgötu að Bröttugötu.

h) *Skúlagata.*

Bifreiðastöður eru bannaðar vestanmegin á götunni frá Austurgötu að gangbraut til Víkurgötu.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við framangreind ákvæði. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð í Stykkishólmi.

Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík,

22. júní 1989.

Jón Magnússon, settur.